

Jón Ragnarsson - Nonni

1997

Viðtal tekið fyrir verkefnið Svona fólk

Spyrill: Hrafnhildur Gunnarsdóttir

Upptaka: Hrafnhildur Gunnarsdóttir

BETA 9737, 9738, 9739

© Krumma films ehf.

Það er nú svo langt síðan, en það sem ég man er, það er svolítið skrítið sko að fyrst þá komu þeir að setja upp allar græjumar. Svo þegar þau fóru, þá var svolítið tómlegt. Eftir á að hyggja þá fannst mér eins og ég hafa verið rolla sem hafði verið í rétt og tekin mynd af. Og það var svolítið tómlegt.

Nei, nei, þau bara komu og það var byijað og jú hún kom með eitthvað en það bara spinnaðist út af því að þegar vélin fór í gang þá kom svona eins og tólg í hálsinn á mér og ég bara, ég ætlaði ekki að ná upp orði en svo lagaðist það út af ég gleymdi vélinni. Jæja, það bara kom. Svo það svona reddaðist en það var soldið skrítið. Eiginlega fannst mér eftir á erfiðast þegar þau voru farin og ég hafði engan til þess að tala um hvað ég hafði gert.

Nei, sko mér fannst það tímabært. Það var líka eitthvað í loftinu sko að tala um þetta. Líka lenda alltaf í því að folk var að spurja mann hvort maður væri hommi eða ekki. Út afhverju ekki bara afgreiða það í eitt skipti fyrir öll. Og mér fannst það æðislegt og það hjálpaði mér æðislega að viðurkenna út af því að ég styrktist æðislega við það og átti auðveldara með að breyta eftir á. En svona viðbrögðin átti ég aldrei von á hver yrðu. Lengi vel eftir á þá var snúið við mér baki og mér var svona hafnað en í raun og veru fékk maður þess meiri frið. Þannig að ég fékk mitt út úr þessu og hafði gott af þessu.

Jú, sko það var búið að ræða við fleiri og þá ætluðu þeir að hafa það þannig að vera sko falinn eða eitthvað slíkt en ég, mér fannst þetta út af því að það væri nú ekki það mikil umræða um gay að við notuðum það ekki til þess að koma fram heldur vera ennþá í felum. Þannig að það endaði með því að ég kom fram í þáttinn.

Sko ég var náttúrulega búinn að búa í Englandi og Danmörku þannig að ég gerði mér ekki grein fyrir því hvað ég væri að gera hér. Og það var æðislega erfitt. En eins og ég segi það var svolítið skrítið sko út af því að eftir að ég kom í viðtalið sko þá vissu allir af því en það mátti ekki tala um það og það átti ennþá að hafa það í þögn. Og svo þegar ég labbaði um og eins og ég segi, svo snerust bökin og fólk þóttist ekki þekkja mig. En með hverju baki þá styrktist ég þannig að eftir svona eitt ár þá var ég orðinn svona super human. En þetta styrkti mig á rosalega mikið. Allt ólíkt því sem ég átti von á. Ég hélt að þessi höfun hefði, mundi ganga frá mér en hún gerði það ekki. Í raun og veru hjálpaði hún mér.

Það var misjafnt en sko móðir mín hún fékk létt áfall. Út af því að ég var búinn að segja við hana að ég væri að fara að tala um listina að lifa í sjónvarpinu þannig að hún gerði sér ekki grein fyrir því hvað ég var að fara að gera. En þá var það alltaf þetta afhverju tókstu ekki tillit til okkar en mér fannst kominn tími til að hún eða þau tækju tillit til mín. Ég var 25 ára og mátti alveg við því út af því að áður en ég kom í viðtalið þá var ég búinn að vera í mjög mikilli neyslu og óreglu og ég komst aldrei út úr þessu því þetta var alltaf, þó maður viðurkenndi að maður væri gay sko innan lítinn hóps þá gerði það manni æðislega erfitt að hafa ekki fengið að stíga skrefið til fulls. Og svo á þeim tíma var maður misþyrmt og gengið í skrokk á manni og þetta var ekkert auðvelt. Já, mjög erfíð sko, hitt var bara styrkjandi, höftiunin sem maður fékk eftirá því að það var svona allt annað.

Ég gerði mér ekki grein fyrir því sko út af því að í raun og veru þegar ég viðurkenni fyrir sjálfum mér að ég sé gay þá er ég búinn að gráta í þrjá daga og svo allt í einu ætla ég að hugsa sko, ætlarðu ekki að hætta að gráta? Og þá segi ég við sjálfan mig sko: Hvað ertu að gera svona mikið úr þessu, láta eins og heimurinn sé að farast útaf þú sért hommi? En ég er æðislega feginn að ég hafi gert svona mikið úr þessu í upphafi út af því að þetta var rosalega mikið. Þetta var mikið meira en ég, þetta var eins og að viðurkenna að þetta fyrir heiminn að í raun og veru þegar ég viðurkenndi þetta 18 ára að ég væri gay, það var alveg rétt hjá mér að gera mikið úr þessu. Stórmál.

Ja, þetta var eitthvað sem maður kærði sig alls ekki um og maður vissi það að maður yrði útskúfaður og gert lítið úr manni. En ég var búinn að verða fyrir því út af sko ég klæddi mig öðruvísi þannig að það benti allt til þess að, og svona lék mér með dúkkur, eða ekki dúkkur, dúkkulísur eða hvað þetta var. Þannig að það stefndi allt í þetta, þannig að það kom mér ekki á óvart.

Ja, sko maður verður. Út af því það var ekkert talað um þetta út af því að í rauninni er ekki farið að tala um gay sko almennt fyrr en '76. Þannig að það gafst ekki tækifæri nema þegar folk var drukkið og var að abbast upp á mann. Það var, bara umræðan var ekki til. Þannig maður þurfti ekki að viðurkenna þetta nema með sjálfum sér.

Oj. Mér fannst hún æðislega stöðnuð og mikið verið að notfæra sér sko þetta að fela. Mér fannst þetta allt að því leiðinlegt.

Ja sko ekki eftir viðtalið. Ég var nú á Íslandi í held ég eitt og hálft ár á eftir. Þannig að ég fékk að takast á við það og það var æðislega gott. Hefði í rauninni ekki viljað missa af því út af því ég gerði þetta ekki til þess að flýja út af því að ég var búinn að vera að flýja. Þannig að ég gerði þetta ekki þannig. Ég gerði þetta frekar til þess að standa með sjálfum mér. En það tekur æðislega langan tíma.

Það var mjög erfitt sko og þá voru sko á tímabili hópar af ungum mönnum sem að misþyrmdu hommum. Svo varð maður hvort sem var alltaf fyrir aðkasti hvort sem var á skemmtistöðum eða fyrir utan skemmtistaði. En svo er auðvitað alltaf sko, íslendingar eru æðislega góðir þegar minnimáttar eru annars vegar. Svoleiðist að maður fékk líka stuðning og fólk hjálpaði manni en maður fékk ekki að fara inn á skemmtistaði og svona gert manni lífið leitt. Þess vegna kaus maður að búa erlendis frekar en að á Íslandi. Það er svona átti þetta ekki að vera til.

Út af því að við höfðum engan málsvara. Það var hægt að ganga í skrokk á okkur án þess að mennimur fengju neitt út af ég spurði hvort að ég ætlaði að kæra þetta og þeir sögðu að þeir þyrftu ekki nema segja að ég hefði leitað á þá. Þannig að þeir tóku ekki einu sinni skýrslu þannig að það var alveg dauðadæmt. Þannig að þeir vissu alveg eða sko ég veit ekki hvort þeir vissu það en þeir þyrftu alla vega ekki að hafa áhyggjur af því hvað þeir voru að gera.

Það var þannig að ég stóð fyrir utan Þórscafe gamla í Bolholtinu og þá kemur ungur maður til mín og hann býður mér í partí og það er allt í lagi og við áttum að fara niður á Rauðarárstíg og svo rétt áður en við komum þangað, hjá ofnasmiðjunni, þá segir hann: Heyrðu bíddu, ég ætla aðeins inn í portið og pissa. Og biður mig um að koma með sér og ég verð svona hálf hissa á þessu, nema hvað að um leið og hann er búinn að fá mig inn í portið þá loka þeir mig inni sko og ég var með handtösku og ég reyndi nú að slá frá mér svo varði ég mig og þá lömdu þeir mig og spörkuðu í mig. Og þegar ég fattaði það að þeir eru hættir og farnir þá fer ég alblóðugur niður á lögreglustöð og þeir vilja ekkert með mig hafa. Og svo fer ég heim til mín og er alveg í brjáluðu skapi, alveg óður og fer svo til rannsóknarlögreglunnar daginn eftir. Og þá fæ ég að heyra það að þeir vilja ekki einu sinni taka skýrslu. En ég varð sko eiginlega frá í þrjár vikur út af því að þetta var mun

alvarlegra en ég hélt. Allur bólginn og, en ég varði höfuðið. Það var það eina og ég veit ekki útafhverju þeir fóru sko en ég gerði, eða sko reyndi að streitast á móti sko. Svo er í restina bara haldið í mig.

Já, já, já þá er greinilegt að þeir vissu alveg hvað þeir voru að gera svoleiðis að, og ég svona í raun og veru vildi sko, svo þegar að var ég alltaf að velta því fyrir mér hverjir þetta hefðu verið. Svo fattaði ég það löngu seinna.

Já, já. Nei ég held að þeir eigi nógu erfitt fyrir. Þannig að ég þurfti ekkert að gera.

Laugi rakari, hann er náttúrulega sá sem hefur verið mest áberandi sko ef við tölum um gamla tíma sko og það var alveg greinilegt, hann var alveg eins og ljósastaur sko sást í myrkri og svona. Og er einmitt sko svona af þessu gamla. Svona camp.

Ja, það að vera sýnilegur, það held ég hafi hjálpað okkur hinum út af því að það var eiginlega verst áður fyrr, út af því það var alltaf einhverjir gamlir karlar, þeir áttu að vera svona perrar og svona, þannig að það var þó skemmtilegra að þetta var með árunum svona aðeins að lifna við og svona verða þó lifandi karakterar og manneskjur en ekki einhverjir Kiddi Sódó eða Fjöru-sódó eða hvað þessir kallar hétu. Og líka alltaf eitthvað svona ógeðslegt. Þannig að Laugi stti svip á bæinn. Og gerir enn.

Já náttúrulega Raggi Mikk og svoleiðis. En svo er svo skrítið eins og þá var alltaf verið að segja að þeir væru saman og svoleiðis en þeir eru nú of líkir til þess að vera saman. En það er náttúrulega, sko allt þetta sem mér finnst í raun og veru rosalega leiðinlegt við Íslendinga, þeir eru alltaf að tala um sko við hommarnir höfum þetta á heilanum og við séum alltaf talandi um okkar kynlíf og við séum talandi um hvernig þetta er en í raun og veru sko þá held ég að þeir hafi verið dálðið sár þegar við fórum að viðurkenna þetta út af því að þá gátu þau ekki haldið umræðunni eingöngu. Út af því að yfirleitt þegar maður kom einhversstaðar þá allir: Já, þú ert hommi. En svo segja þeir: Heyrðum, við nenum ekki að tala um homma. Ég hafði ekkert sagt þannig að þörfin til að tala um þetta var þeirra en ekki okkar. Og líka held ég að þörfin að tala um homma hafi komið út frá þörfinni að tala um kynlíf. Svoleiðis að það var ágætt, við högnuðumst á því.

Já, sem mér fannst eiginlega yndislegast við það og það var svona fólk á fimmtugsaldrinum þá sko, sem er þá sjötugt í dag, að það kom og þakkaði mér fyrir. Og þá aðallega að hafa staðið fyrir sjálfum mér, ekki þetta að ég væri hommi eða eitthvað. Þannig að þá fann ég það, alveg eins og líka að móðir mín var mjög svekkt yfir því að ég skyldi gera henni þetta, þá sagði ég líka við hana að hún yrði að gera sér grein fyrir því að það væri þarna þörf á því að tala um þetta og þá sagði hún: Það hafa allir kynferðislegt vandamál. Þá sagði ég: Það er nú þess vegna sem ég tala. Það er ekki út af því að ég hefði verið einn um þetta. Þá hefði ég náttúrulega ekki talað. Og líka sko að, og henni fannst líka allt að því skrítið að sjónvarpið væri að tala um þetta og þá sagði ég að ég hefði séð í sjónvarpinu hvernig ein kona sem vann í Hampiðjunni hefði komið í vinnuna og hvaða strætó hún tók, þá fannst mér að ef við ættum að vita hvernig þessi kona kæmist í vinnuna þá væri allt í lagi að tala um vandann af því að ég gerði mér fullkomnlega grein fyrir því að eitt væri að vera hommi eða öfugur í þeirri merkingu að þá væri vandamálið rosalegt hjá hinum, sko rosalegt því það var bara ekki talað um. Og það held ég að sko að því leyti að umræðan sé til góðs hvort sem að það sé gay eða ekki.

Ja, þannig. Honnaheimurinn er svo grimmur. Þú þarft ekki að koma í viðtal til þess að verða fyrir grimmum. Það er rosalega grimmur heimur. Mikil öfund og, ég er svo lítið inni í þeim heimi.

Ja, sko, það var Trixie sem kom því af stað og hann í raun og veru var sko að safna sér pennavinum og svo hafði hann eitthvert boxhólf og út úr því kom Iceland Hospitality og svo kom Hörður og keyrði það upp í Samtökin. En Trixie mótaði þarna Iceland Hospitality.

Ja sko, mér fannst þetta allt í lagi, var æðislega feginn en svo fattaði ég náttúrulega fljótt að þetta var bara til að fá útlenskar hjásvæfur þá fannst mér ekki skipta máli í raun og veru.

Ja sko, ég hafði alltaf staðið með sjálfum mér þannig að ég þurfti engan félagsskap en ég var æðislega feginn og í raun og veru var ég fegnastur þegar að lessurnar komu inn í þetta því að þá strax fór eitthvað að ske heldur en, mér fannst hitt ekki nógu sniðugt.

Æ, ég veit það ekki. Kannski að ég þurfti ekki á þeim að halda. Öbbuðust ekkert upp á mig og ég var of róttækur. Þannig að ég átti ekkert heima þar.

Trixie, ég veit nú ekki hvað ég á að segja. Ja, hann alla vega fór svolítið geyst í þetta. Og það sem ég held að hann vanti eins og margir aðrir gay, það er sjálfsvirðinguna. Kannski leiðinlegt að segja svona því að það að vera hommi er ekki eitt nóg. Maður verður líka að vera maður sjálfur. En það gekk soldið mikið út á það.

Ja, hann var alla vega ekkert leiðinlegur og kunni sína frasa og hafði svona gay húmor, sem er æðislega skemmtilegur. Sko fyrir utan grimmdina.

Ja, sko hann gat verið nasty. Út af því það fylgdi húmornum. En hann náði því ekkert við mig.

Sko á stofnfundinum, sem var búinn að vera í aðsigi út af því að hommar ætluðu að mynda leyniklúbb þar sem einhverjir forstjórar ætluðu að útvega stað þannig að við gætum hist og drukkið og slökkt ljósin og svona. Þannig að það var mjög kærkomið þegar Samtökin '78 átti að stofna og ég var eindreginn stuðningur þess út af ég hafði verið í Gay Liberation í London og fundist gaman að og fundist skemmtilegur kraftur í því að fá að berjast og allt það. En svo er eftir fyrsta fundinn og þá fannst mér þetta allt einhvern veginn fyrirfram ákveðið og þetta væri það sama og ég hafði ekki mikla trú á þessu þannig. En var æðislega feginn og setti mig ekkert upp á móti þessu. Svo strax daginn eftir, eða þar næsta dag, þá kom einn og segir svona við mig: Þú ert að segja öllum að ég hafi verið á fundinum. Og ég segi svona: Bíddu nú við, ég veit í fyrsta lagi ekki hvað þú heitir. Og svo hugsaði ég: Æ, ég nenni ekki að fara í félagsskap til þess að verða fyrir skítkasti. Þannig að ég lét þetta eiga sig og þar af leiðandi hafði ég engin samskipti við Samtökin nema hvað ég gerði mér grein fyrir því að þau voru ekki stór. Og eins og þegar Laugi og fleiri voru að krítisera Samtökin þá sagði ég alltaf: Ef við viljum taka yfir þá þurfum við ekki annað en að mæta því þeir eru nú ekki margir. En sem betur fer þá átti þetta eftir að verða mjög gott þannig að ég vil nú ekki sverta þetta út af því að þetta átti alveg fullan rétt á sér. Eins og ég segi, ég held að Samtökin hafi aldrei náð til þeirra sem hafa barist fyrir sjálfa sig eins og Laugi og fleiri sem eru ekki í Samtökunum. Ég held að þau hafi ekki náð til þeirra. Og ég er ekki að segja að það hafi ekki verið einhverjir sem voru búnir að viðurkenna þetta komið þar fram sko.

Meira aktíft. Sko meira um að vera. Ekki þetta pukur, ekki þennan feluskap. En svo eru hlutirnir eins og þeir eiga að vera þannig að mér fannst líka að sko eitt með að viðurkenna að maður sé hommi, og einangrast í því, við viljum það ekki. Þannig að hitt hentaði mér betur og ég reyndi, sko mínir vinir eru bæði heterosexual og homosexual og bisexual þannig að mér finnst fjölbreytni skipta máli. Ekki einangrast í einhverju allir hommar, þú skilur. Þannig að ég held að það skipti ekki máli sko. Út af því þó þetta sé náttúrulega sko þó einn sé búinn að viðurkenna þá held ég það sé ekkert auðvelt, ekkert auðveldara, það verði hver og einn að takast á við sjálfan sig. Við tökumst ekkert á sem einhver hópur. En þrátt fyrir það þá hefur Samtökin komist sem viss málsvári fyrir homma og lessur þannig að ég er æðislega feginn að þetta kom og varð þó að þessu.

Sko ég veit ekki hvort ég eigi að segja að ég sé feginn að þekkja þá ekki en þarna alla vegana skiluru, hafði ég ekkert að segja og mig langaði ekkert að taka þátt í þessu.

Reynir náði því að ég varð vinur hans og hann náttúrulega rosalega skemmtilegur og æðislega falleg persona. Og hann gerði náttúrulega það að það varð meira fútt í gaylífinu því hann sá alveg um að heimili hans var svona viss miðstöð og það var alltaf svona partí. Þannig að mér fannst oft þar koma meira til skila heldur en að vera einhver skúffa í einhverjum samtökum. Sem það var þá sko, svo átti það eftir að breytast. Og ég þakka oft Reyni Má fyrir bara að hafa verið til.

Hann var æðislegur og eins og ég segi rosalega, hann var náttúrulega rosalega fallegur og grannur og vel til fara og kunni sig og svona listrænn og svona inni í listinni og ekki með þessa fordóma sem hinir höfðu. Því að ef þið hafið séð þarna þáttinn um hann Quintain Crisp þá kemur það einmitt þannig að hommar tóku honum ekkert. Skilurðu, hommar, ef við setjum svona, hommar, eða gay grúppur eru svona eins og nýnasistar. Vilja hafa þetta í leynum og vilja ekkert opinbera þetta því það er bara skömm að vilja þóknast hinum. Þannig að þetta er allra handa. En mér fannst aftur á móti Reynir Már, hann setti æðislegt líf og fútt í, skemmtilegt þegar hann bjó í Danmörku, það var alltaf gleðin.

Já hann var það og þess vegna held ég hann hafi ekki þolað að eldast. Útaf því í gayheiminum ertu ofboðslega vinsæll þegar þú ert ungur. Svo þegar þú ferð að eldast eða eyðast eins og má segja

líka að þá náttúrulega eru ekkert allir sem þola það. Þegar þú ferð að nálgast þrítugsaldurinn þá ert, og sumir held ég þola það ekki.

Já, því miður sko út af því að hann var svo fallegur að hann hefði átt að geta elst vel. En það eru sumir sem þola það ekki. En ég var svo heppinn að það rann af mér á þessum aldri þannig að ég varð æðislega vandlátur. Ég var ekki lengur upptekinn af því að sofa hjá sem flestum eins og áður. Ég einhvern veginn veginn átti eftir að, það hjálpaði mér. En ég hætti ekkert að skemmta mér eða hafa gaman af lífinu. En gerði svona meiri kröfur í sambandi við kynlífið. Að þetta væri ekki bara allt svona skyndi og einnar nætur. Sem er æðislega auðvelt vegna þess að einmitt á þeim tíma þá var ekkert sem batt gay sambönd. Ekki nema það væru bara góðir karakterar. En oft á tíðum var þetta bara svona allir með öllum þótt það sé náttúrulega aldrei hægt að segja einhver sé með öllum af því hann kemst ekki yfir það. En í þessum gay heimi þá er ótrúlega fljótlegt fyrir ungan mann að ná því að vera með öllum. Hvort það taki eitt eða tvo ár? Alla vega eitt og hálft ár. Hvort þeim hefur fjölgað eða fækkað, ég veit það ekki.

Sko ég varð æðislega feginn, sko það var runnið af mér og ég einhvern veginn gat upplifað þetta í fjarlægð og ég held um leið og ég heyrði minnst á krabbamein þá hugsaði ég: Ég ætla nú ekki að fá það. Og ég var eiginlega sannfærður um, alnæmi að ég ætlaði ekki að fá þetta heldur og það er einmitt svolítið typískt dæmi um þessa niðurlægingu sem að hommar verða fyrir að þeir í raun og veru þurfa að borga ástina með dauðanum. Það er ekki það að kynlífið sem slíkt sé sko dauðvona heldur hvað er búið að ala okkur upp. Og ég held að í fyrsta lagi sé alnæmi ekki kynsjúkdómur og í öðru lagi að maður þurfi að vera með æðislega lélegt sjálfsmat til að fá. Og það er bara mín skýring. Og þegar ég hugsa, þegar ég fór að velta þessu fyrir mér, hvað hommar ættu sameiginlegt annað en að vera hommar að þá var óheyrileg pensilínnotkun sko þeir máttu ekki fá bólur þá tóku þeir pensilín. Sumir tóku pensilín áður en þeir fóru að sofa hjá einhverjum þannig að ég held að margir af þeim sem fóru illa í byrjun þegar þetta kom upp hafi einmitt farið rosalega illa með sig. Þannig að þegar rennur af mér 25 ára þá held ég að það hafi verið mér til bjargar sko. Annars væri ég ekki hér. Og þá held ég einmitt að það að hafa opinberað mig og staðið með mér hafi styrkt mig. Annars hefði ofnæmiskerfið kannski verið algerlega ónýtt.

Æðislegu. Þessvegna held ég að sko bara að efla sjálfið sé það sama og að efla ofnæmiskerfið. Og það er líka komið fram, það eru kannski tveir einstaklingar og annar er með alnæmi og hinn ekki, þeir smita ekki. Þannig að það er eitthvað með sjálfið að gera. En ég er ekki að segja að fólk eigi að taka áhættuna en ég einhvern veginn er sannfærður um að þetta sé ekki kynsjúkdómur. Ég þarf ekkert að sannfæra aðra um það eða neitt en ég held þetta hafi með sjálfsmat.

Sp. 206

Ég svona hafði, gat séð þetta utan frá að því leyti að ég var ekki svona inni í hringiðunni á sama hátt og þegar ég er búinn að vera edrú í nokkur ár þá var ég ekkert, eins og ég segi, lauslátur. Og einu sinni sé ég að Andy Warhol segir að það sé ekki í tísku að vera með kynlíf og ég segi: Vá, ég er alltaf í tísku þó ég bara með því að vera til. Þannig að mér fannst æðislega gaman sko og ég vissi alltaf að ég myndi hitta þann sem ég vildi. Þannig að ég einhvern veginn var ekki í þessari örvæntingu. Svo var það einu sinni mjög sorglegt og meira að segja Trixie og Reynir spurðu mig einu sinni þegar við bjuggum í Danmörku hvort ég væri búinn að missa kyngetuna út af því ég lenti ekkert á séns. Og ég segi: Nei, nei, ég geri kröfur og þá sagði Trixie einmitt: Er það hægt? Ég ætlaði nú alla vega að láta reyna á það. Svoleiðis að ég, en þá fór ég líka að stúdera það, sko ég hafði aldrei skynjað sko gayheiminn eins og að fara í myrkraherbergin, í garðana, inn á klósettin og það var svolítið rosalegt að sjá það sko hvað menn þurftu að leggjast lágt. Þannig að það var kannski það sem þeir vildu.

Jú og líka sko fyrirritningunni og það sko hvað hommar verða fyrir að þá er svo auðvelt að falla sko út af því að þetta að viðurkenna að maður sé hommi er rosaleg niðurlægning þannig að þá er svo stutt niður að það er hægt að misbjóða manni. Og margir njóta góðs af því.

Já út af því það hlýtur sko að koma af því að umhverfið er búið að segja þér það alveg frá því þú ert lítill að þetta er eitthvað ógeðslegt og þá situr það svolítið sterkt í manni að þetta er svona niðurlægjandi. Að það var svona mjög áberandi í gayheiminum. En svo er náttúrulega á þessum tíma er kynlífsbyltingin alveg í hámarki þannig að það grasserar ýmislegt og kynsjúkdómar. Sem mér finnst líka, fannst strax og alnæmi kom upp að það var æðislega skrítið að þeir hættu að tala um hina sjúkdómana. Ut af því að bæði lekandi og flatlýs og sífilis, þetta grasseraði, ekki kannski sífilis á sama hátt en lekandi var alveg kominn á fullt. Og meira að segja það var lekandatilfelli

sem var bara á meðal homma og negra og þá héldu þeir að þeir þyrftu ekkert að sinna því. En svo þegar hermennirnir fóru að smita þetta í millistéttimar þá fóru þeir að spekúlera í því hvað þeir gætu gert. En svo um leið og þessi umræða um þennan lekanda fer að koma þá kemur bara alnæmi og það er bara enginn kynsjúkdómur til nema þetta. Þannig að ég veit ekki hver blekkingin er. Ég hefði alveg, ég talaði einu sinni um 1970 og eitthvað, ég vildi endilega, þá var ár barnsins, ár konunnar, ár gamlingjans, það var ár allra nema ár mannsins en mér fannst að það hefði átt að vera kynsjúkdóma ár og í raun, við hefðum átt að standa saman í að koma í veg fyrir þetta því þetta var orðið miklu meira en folk vildi vita. Það voru móðurlífsbólgur, kynsjúkdómatilfelli og meira að segja ungar konur gátu ekki átt börn út af því að þær hafa lent í þessu. En það var aldrei talað meira um það mál. Það snerist allt um alnæmið. Sem mér hefði fundist allt í lagi að tala líka um hina sjúkdómana.

Ég er, náttúrulega rosalega sorglegt því þeim fækkar. Þannig að að því leyti er þetta mjög alvarlegt og hræðilegt. En ég bara vona að það sé eitthvað gott sem kemur með þessu og að því leyti. Ég bara trúi ekki öðru.

Já sko, þá kemur þetta alltaf hvort það var notað eða væri verið að hegna okkur frá guði eða eitthvað svoleiðis. En stundum, eitt fór rosalega í taugamar á mér, sko þegar sumir sem voru smitaðir voru að segja: Sko guð væri ekki góður úr því hann hefði lagt þetta á þá. Og ég sagði: Hvað á að kalla á guð núna? Hann var ekki spurður áður, hvað á að blanda honum í það núna? Og mér fannst þetta engin ástæða. Mér fannst þetta frekar eitthvað sem þeir hefðu valið sjálfir og ég held að guð leggi þetta ekki á neinn, þetta sé sjálfskapað og ég vill ekki blanda guði inn í þetta. Út af því að ég hef þá trú að guð taki þátt í öllu sem gott er. Þegar ég lendi í góðu kynlífi þá er hann á fullu. Þannig að ég held að hann taki ekki þátt í alnæmi. Svoleiðis að mér fannst það leiðinlegt og mér fannst rosalega leiðinlegt þegar það á að fara að blanda guði inn í þetta.

Já mér fannst eitt jákvætt við það. Það er þetta sko meira út, meiri barátta þannig að það sé til einhvers og ég held að við verðum að berjast. Við séum ekki bara hérna til að hafa það huggó í þeirri merkingu. Við verðum að setta okkur við breytingar og við verðum að takast á við það. Ekki þannig að þetta sé allt búið. Og að því leyti held ég að og mér finnst eins og gayheimurinn í dag sé mikið sáttari á margan hátt þó þetta séu auðvitað átök þá sé miklu meiri framfarir. Og það eina

sem ég vona í sambandi við gayheiminn er að hann einangrist ekki. Hann eigi eftir að komast á meðal. Út af því að ég fann eins og að þar sem að hommar einangrast að þá fá þeir ekki að umgangast börn og þeir sjá ekki börn og það, ekki bara börnin heldur bara þetta líf sem að maður þarf að afneita til að vera í hinu en það er ég ekki alveg, mér finnst það ekki alveg rétt. Ég held að við eigum alveg rétt á því að upplifa lífið í allri sinni dýrð eins og hinir.

Mjög gott sko. Og það sýnir líka að þetta er ekkert allt til einskins. Og ég held að það sem hefur verið hægt að krítísera gayheiminn fyrir, lauslæti, að þetta eigi eftir að hjálpa okkur að vera á pappírnum svona eins og hinir. Ég er mjög sáttur við þetta og æðislega feginn.

Nei, ekki í þeirri merkingu en að fá alla vega einhver réttindi. Sko þá er leiðinlegt að vera kannski búinn að búa með sömu manneskjunni lengi og maður gæti afgreitt það eins og skyndikynni í staðinn fyrir að það væri þá hægt að tala um það að við þyrftum hjálp kannski eins og hinir. En ekki það að maður vilji vera norm.

Það sem gerir það að völdum þetta lauslæti sem að átti, var mikið meira áberandi hérna áður fyrir það var út af því að það var ekkert hægt að byggja á sambandinu. Þú gast ekkert þannig að það voru æðislega fáir sem að lentu í sambandi vegna þess að um leið og þú fórst að búa með einhverjum þá varðstu náttúrulega að viðurkenna hvernig lífi þú vildir lifa. Að því leyti er það mjög gott. Og líka það að við séum hluti af samfélaginu en ekki bara eitthvað einangrað fyrirbæri sem er annað hvort sparkað í eða talað um af einhverjum rosalegum skilningi.

Mér finnst nafnið kirkja segja bara sitt. Hún skiptir mig engu máli. Ég held sko að fyrir guði sé kynlíf, kynlíf hvernig svo sem þú gerir það. Þannig að það eitt nægir mér en ekki hvort einhverjir prestar séu eitthvað að spá í því hvað ég geri. Ég neita því ekki að fyrir suma getur þetta skipt rosalega miklu máli. Eins og ég var t.d. að sjá að það voru kaþólikkar, foreldrar að biðja kirkjuna um að sýna smá umburðarlyndi út af því að þannig að bömin flosni ekki upp og fari að heiman. Og það sem mér finnst líka að rosalega sorglegt í gegnum tíðina, öll þessi sjálfsmorð hjá mönnum sem hafa fundið þessar kenndir hjá sér og það hefur algerlega verið þaggað niður og ekkert talað um. Það er bara haldið áfram fordómum og allt í staðinn fyrir að gera sér grein fyrir því að það eru til menn sem að geta ekki afborið þetta og fremja sjálfsmorð. Og það er ekkert nýtt. Það er búið að

ske alveg rosalega lengi. Og þess vegna finnst mér alveg frábært að foreldrar færi að styðja bömin sín í því alla vega að hjálpa þeim yfir þetta erfiðasta. Sem að ég einmitt kannski hefði átt að segja þegar við vorum að tala um viðtalið sem mér fannst svolítið gott, einmitt að ég var búinn að viðurkenna það að ég væri hommi svona opinberlega, að þá fyrst var ég léttari svona og hugsaði já ég veit ekkert hvort ég get alveg eins endað með konu. Því þá var ég frjálsari. Þá var ég ekki bara hommi, hommi, hommi, hommi. Og ekki það að ég hafi neitt farið að búa með konu, en sko bara tilfinningin sko maður þarf ekkert að útiloka neitt. Og þó ég hafi ekki sofið hjá konu þá fannst mér þetta allt í lagi og góð tilfinning. Þannig að ég var ekki jafn fastur og ekki eins upptekinn af því. En þá eru líka aðrir. Og ég held að þörfin að tala um kynlíf sé rosaleg. Og það ætti að tala mikið meira um það. En ekki tala um það þannig að maður eigi að fara að segja hvemig maður gerir það. Ég held að enginn hafi áhuga því við höfum nógu mikið basli með þetta sjálf. En þó held ég að smá fræðsla, og þetta er eins og það er alltaf verið að krítísera klámheiminn. En hann er sá eini sem sér kennslu eða sko ég held ekki að það sé neitt slæmt að horfa á klámmynd ef maður sér það jú, það þarf víst að skipta um stellingu. En sumir fatta það ekki. Bíddu, þetta er uppáhalds stellingin hjá honum ég ætla að vera í henni og það er nú eitt eins og ég segi nú alltaf með kynlíf, að það er eins og allt sem gott er verður alltaf betra og betra. Annars værum við hætt þessu og værum ekkert að tala um þetta. Því að kynlíf er eitthvað svona sem verður bara betra. Þess vegna er svo mikilvægt að sambandið fái að haldast. Af því þú getur ekki myndað þetta í skyndi. Því skyndi ertu alltaf að, í raun að afgreiða með það sama, eða svona, losa. Því það er svolítill munur á hvort maður losar sig eða fái fullnægingu.

Teprur? Hvað áttu við?

Nei og líka út af því að það er alltaf talað niðrandi um kynlífið. Kynlíf er sko, mér finnst orðið hættulegt hvað folk er orðið hlynnt ofbeldi og fráhverft kynlífi. Ég vill að við séum hlynnt kynlífi og fráhverf ofbeldi. Og svo er meira að segja farið að setja kynlíf og ofbeldi saman sko út af því að það er eins og það þurfi alltaf eitthvað aggressíft í staðinn fyrir að njóta þess. Og ég held að það væri mun skárri eins og þegar ég viðurkenndi það og móðir mín sagði: Já við vissum þetta. Við vildum ekki tala um þetta. En ég sagði: Er þá ekki tími að við tölum um þetta? Og mér fannst þá hálf skrítið að það ætti að þagga það niður. Og svo var t.d. er það oft þannig að t.d. kennarar þeir meiga ekki vera hommar og ég veit ekki hvað og hvað. Svo heyrði ég viðtal við einn sem að hafði

verið í danskennslu hjá tveimur hommum og hann er giftur sko þannig að ég held að enginn verði hommi af að umgangast aðra. En það getur kannski hjálpað að einmitt eins og með homma að þeir séu bara, út af því að tilfinningar mannsins eru í rúst og við verðum að finna okkur sjálf svo að við séum kannski meiri sjálfsleit heldur en akkúrat að finna aðra. Því það eru svo margir sem eru bara hálfír í sambandi til þess að mynda heild. En við þurfum nú að vera heil til þess að tengjast. Og þá er einmitt átt við að vera heil í sjálfumsér það er í tengslum við guð.

Ég held að fólk sé orðið daldið þreytt á því í dag nema sko þá ekki nema þú sért lessa. En mér finnst stundum fólk afgreiða. Og ef eitthvað, ég segi ég ætla að vona að þetta verði ekki eins og minningargreinarnar í Morgunblaðinu, þessi að koma út úr skápnum í dag og hinn á morgun. En þrátt fyrir það þá er þetta svolítið, þetta er svo mikið álag. Þetta er svo rosalegt álag. Þannig kannski að þú þurfir að opna þig. En svo verður vonandi að það sé ekki akkúrat málið. Að fólk fái að koma fram á sínum eigin forsendum. Og það er líka eitt sem ég er æðislega feginn, hef nú komið í nokkrum viðtölum síðan og ekki festst í þessari umræðu og í raun og veru er þetta nú fyrsta viðtalið sem ég tala um þetta. Því að ég hef enga þörf fyrir það.

Hann er æðislegur. Og ég vil nú líka svolítið segja það að hann njóti góðs af baráttu okkar hinna. En hann náttúrulega kæmist ekki að ef hann hefði ekki þessa hæfileika. Og hann er frábær og hann sýnir það að þetta er ekkert allt til einskins. En sko svo kemur einmitt Páll Óskar alveg eins út og þeir sem að standa með sjálfum sér að innst inni vilja, sko þótt Íslendingar séu á móti hommum sko ef þú býrð á Húsavík eða einhverju litlu þorpi sko. En þrátt fyrir það þá er það ef þú accepterar sjálfan þig þá ertu accepteraður. Þó að það sé alltaf slagveður inn á milli þá held ég að við höfum fengið ágætan hljómgrunn og þannig að auðvitað kemst Páll Óskar áfram á sínu eigin ágæti en að hann sé bara hommi. En það kryddar.

Jú, sko hann nýtur náttúrulega góðs af því að ef hann hefði komið fyrir 15-20 árum þá hefði hann aldrei fengið þennan hljómgrunn. Og það hefði ekki nægt þá fyrir hann að eiga systur. Að ég held hann njóti góðs af því og mér finnst það líka æðislegt og mér finnst hann eiga það líka skilið. Fer vel með það.

Mér finnst eitt gott því þó það komi líka fram að hann sé hommi þá finnst mér það ekki aðalatriðið því hann er skemmtilegur og entertainment þannig að, og hann er viðurkenndur sem slíkur. Ekki bara að hann sé hommi.

Mér finnst það hafa einmitt breyst. En áður fyrr þá held ég að sko pukrið var svo mikið að það voru allir búnir að, hann er hommi þessi, hann er hommi þessi. Og allir búnir að fá að tala um það en ekki þú. Þannig að það hefur breyst. Og ég held líka að á þeim tíma þá gátu þeir ekkert haldið okkur lengur. Niðri.

Nei sko það er líka út af því að þetta gay er orðið sýnilegt sko. Það var það ekkert. Og ég man það líka þegar ég kom í viðtal, það var einn maður sem var giftur og átti barn og hann sagði: Ég mundi aldrei þora út á götu sko eftir að þú viðurkenndir þetta. Og ég sagði: Það er ekki ég sem er að gera glæpinn. Það er þú sem ert að blekkja manneskju. Það er eiginlega verra. Og ég hafði ekki þó að ég hefði náttúrulega komið móður minni og fjölskyldu á óvart þá held ég að það hafi verið bara ágætt skilurðu. Mér var eiginlega alveg sama. Þannig. En svo breyttist það mjög fljótt. Þá tók móðir mín þessu mikið betur. Þó hún hefði ætst upp í byrjun. Því að við töluðum ekki saman í einhvern tíma, en þá var ég líka bara svo sáttur við það. Láta það ekki skipta mig máli. Og þetta hefiur kannski líka hjálpað mér að halda áfram, var að ég hef ekkert verið svo upptekinn af hvað hinum finnst. Og ég er ekki að segja það að mér sé alveg sama. Og þó er þetta búið að vera svolítið síðastliðin ár að manni er alveg sama. Og það finnst mér stundum hundleiðinlegt að vera alveg sama. Þannig er ég oft að reyna að láta mér það öllu máli skipta. En sumt skiptir mig engu máli. Því miður.

Já ég er svona sáttari við sjálfan mig, það er alveg rétt. Finnst mér það nóg. Og náttúrulega umhverfið á sinn hátt.

Það var þannig að ég hafði farið upp í Öskjuhlíð til að tína strá. Svo var ég alsæll með hvað ég fékk falleg strá, labba niður Bankastrætið og kemur svona bill með fullur af unglingum eða ungum krökkum. Og svo er einn aftur í og hann fer að segja: Hvað segirðu homminn þinn? og svona og abbast upp á mig, en svona í góðu, meira svona upp á að gera lítið úr mér. Og ég segi ekki neitt og bara alsæll með mig og labba niður. Svo þegar ég beygi niður Lækjargötu þá stoppa þeir og þá stingur hann út hausnum þessi sem hafði látið mest á sér bera og segir svona: Hvað, segirðu ekkert?

Og þá segi ég svona: Mér heyrir þú nú bara sjá alveg um það. Og það var svolítið skrítið með það, um leið og ég sagði það þá snerist það við eða þá kom það út að það var hann sem hafði áhuga en ekki ég. Þannig hann varð svolítið vandræðalegur gagnvart vinum sínum. Ég held nefnilega, að minni reynslu, ef ég verð fyrir aðkasti þá eru það aðrir menn sem eiga í erfiðleikum með sig. Útaf því að þeir sem eru heterosexuál, þetta er ekki í orðabókinni og þetta er ekki í hugmyndafluginu, þannig þeir ná ekki til þess og eru ekki að velta þessu fyrir sér. Ég held að því leyti að menn sem eru að abba upp á homma eigi í erfiðleikum með sjálfa sig.

Nei sko annars tækju þeir ekki eftir þessu. Sko það var eins og þegar ég var yngri og þá þótti einni vinkonu minni ég vera með radar á, hvernig veistu að þessi er hommi? Ég sé það, sagði ég. Og það voru svona venjulegir menn sko. Og líka sem mér fannst einmitt þessi áreitni sem ég varð, eftir sko að ég kom úr sjónvarpinu að einu sinni fór ég í Sigtún og var að dansa, þá stóðu tveir ungir karlar upp og fóru að dansa og ætluðu að gera lítið úr mér. En lagið var nú ekki búið í rauninni þegar þeir voru búnir að gera lítið úr sér en ekki mér því að sko þeir höfðu ekkert í mig í dansinum þannig að það svona féll um sjálft sig. Og þá hugsaði ég einmitt um það að eins og þegar menn eru að nota aflið til þess að halda öðrum niðri það væri svona eins og ég myndi ganga um með liti og segja viltu koma að lita. En maður verður alltaf að ota sínum sterkasta front. En stundum feila hinir og ráðast á mann og halda að maður sé mikið veikari en maður er eða sko minni. En ég lærði þetta fljótt, að svara fyrir mig. Maður þarf þess. Eða þá þeir sem er stundum erfiðara.

Í sambandi við, ja sko ég fattaði einu sinni að það væri svolítið líkt að vera hommi og listamaður. Það væri svona frelsi. Ég gæti klætt mig eins og ég vildi og ég gæti, það væru ekki þessi höft sem að hin venjulega manneskja upplifir. Og svo átti einmitt eftir að láta listsköpunina skipta miklu máli og meira og meira og einmitt, svo þegar ég var búinn að búa úti í svolitinn tíma og kom aftur heim þá kom ég heim með galleríið og byggði upp eða sko hreinsaði upp gamla hjólreiðaverkstæðið Baldur. Baldur held ég það heiti og svo eftir það þá setti ég upp gallerí með mínum eigin myndum. Og það var nú ekki margir sem komu að skoða út af því að það var svona sniðgengið. En ég var æðislega sniðugur hvernig ég byggði þetta inn. Að það var spegill inni í miðju galleríinu þannig að allir sem gengu fyrir homið hjá Geysir komu inn í galleríið og það nægði mér. En það svo komu bæði ungir strákar og voru að spurja mig um sko Samtökin og það komu svona fólk sem læddist inn og tala um svona einmitt þetta og vildu bara til þess að tala um

Þetta og ég benti þeim alltaf á að fara í Samtökin og einmitt að svo komu lessur og ég sagði við þær: Drífið ykkur í Samtökin og takið yfir. Og það fannst mér æðislega gott út af því að síðan hefur mér fundist einmitt Samtökin vera mikið raunhæfari heldur en að vera eitthvert privat áhugamál einhvers. En svo finnst mér einmitt í sambandi við listaheiminn að sko því að það er hægt að hafna sko en einmitt að maður fái ekki séns út af því hvemig maður gerir það í rúminu. Ég, finnst það svolítið óréttlátt. En svo er ég líka alveg sáttur við það því ég mála fyrir sjálfan mig.

Nei þetta er hagsmunaplottið þar og annars staðar. Það er enginn að opna fyrir hinum nema þú sért nýkominn inn. Alls ekki. Og ég er ekki heldur upptekinn af því sko en mér fannst það svolítið leiðinlegt sko að ég fengi þá ekki að njóta þess að þora að það sem ég var að gera en á þeim tíma sem ég hafði þörf fyrir að sýna. En í dag þá finnst mér ég alltaf vera með sýningu og þá eru hinir ekki eins mikilvægir. En ég held áfram þannig að, ég læt ekkert hitt stoppa mig. En ég held áfram að hafa gaman af þessu.

Sp. 207

Sko líka sko, mér finnst þær svo miklir skörungar og með svona, þessi barátta hún er sterkari hjá þeim sko. Hinir eru kannski farnir að hafa það of gott. Komnir í sambúð og allt svona bara kökur og kristall og svona. Mér fannst þær svona, meiri baráttuvilji í þeim. Þessi kraftur sem var kannski mera áberandi hjá homnum hér áður fyrr hann er svona sterkari hjá lessum í dag. Eða var það. Og líka mér finnst einmitt sko allt blandað, ég held að það sé æðislega leiðinlegt þegar folk er einskorðað. Allir eins. Ég held að það hljóti að vera ömurlegt hlutskipti. Þó að fólk eigi eitthvað eitt sameiginlegt þá er það ekkert annað sko.

Já sem mér finnst líka alveg eðlilegur því ég get vel skilið að sumir eigi erfitt með að gera þetta upp við sig því það hlýtur að togast í báðar áttir.

En svo finnst mér líka í sambandi við umræðuna um homma og lessur vanta svolítið þessa tilfinningu að við séum bæði. Sko vinstri hliðin sé kvenkyns og hægri hliðin sé karlkyns. Og svo vissi ég það að, ég var alltaf að furða mig á að því að það voru giftir menn sem voru að sofa hjá karlmönnum og svo þegar þeir voru drukknir og ég var alltaf að hugsa: Bíddu, eru þið þá bara

hommar þegar þið eruð drukknir? Og þá fór ég allt í einu að velta því fyrir mér að ég hafði velt, þegar ég bjó í Englandi, fyrir mér sadisma og masókisma. Og þá sá ég hvað miklar andstæður voru að togast á í manninum, ekki bara í umhverfinu. Og þá fór ég að gera mér grein fyrir því að ég væri bæði sko. Ég var ekki masókisti bara eða sadisti bara heldur ég væri þetta bæði. Og þá fór ég að skynja þetta að ég væri líka kona og karl og þá fór ég að hugsa, bíddu, er ég þá þetta til skiptis? Það var ekki málið. Það var sko málið að halda barninu í sjálfum sér lifandi. Að þegar ég ætlaði að drepa konuna í mér þá mundi ég ósjálfrátt drepa bamið eða hvort sem ég dræpi karlinn í mér. Fyrir mér var það orðið spursmál um að viðhalda báðum hliðunum til þess að barnið í mér dæði ekki. Þannig að það skipti mig æðislega miklu máli sko ekki að drepa barnið í mér út af því að þá komum við aftur niður á þessa fyrirlitningu sem maður verður fyrir að viðurkenna þetta. Hún er sú sama og sumir nota til að drepa niður í sjálfum sér konuna. En þó að maður viðurkenni konuna í sjálfum sér þá er ég ekki að tengja það kynferðislega. Það er sko við komum af karli og konu þannig að ég hef element frá móður minni og ég hef element frá föður mínum en líkamlega greinist ég sem karlmaður. Svo er þá hvemig maður spilar úr hinu. Og ég er ekkert að segja það að allir séu hommar eða lessur. Ekki til í því. Alls ekki.

Mjög oft og það var einmitt það sem að gekk mikið meira á áður en þetta varð opinbert. Því þeir höfðu gert eitthvert samkomulag við einhverjar konur. Ég var svolítið feginn þegar þetta opnaðist því að þá þreifst það ekki eins vel og ég er ekkert að segja að það sé farið. Sko fyrir suma er það kannski ennþá erfiðara að viðurkenna þetta í dag. Því þá var það svo saklaust. Manni fannst, það var bara eitthvað sem kom upp.

Já þá myndi ég bara velja David Bowie, Andy Warhol, Brian Ferry. Svona einhverja rosalega flotta. Þannig.

Mér fannst hann einmitt þetta heillandi unisex. Svona, mér finnst líka Jagger ná þessu að vera svona rosalega ljótur en rosalega sexy og rosalega flottur. Þessi unisex sem kom upp um '70 þegar karlmenn fóru að klæða sig líkari kvenfólki. Alla vega í breyttist aðeins og sko fyrst hélt ég upp á Presley og svo upp á Cliff Richards, hann var nú fljótur að fara út og svo komu Bítlarnir og Stones komu og þá bara Bítlarnir í burt og svo urðu, áttu Stones mig algerlega þangað til ég sá David Bowie og eftir það. En svo á tímabili eins og í dag þá er það bara svona, ég er ekki upptekinn af

neinum. Ég met bara hvern fyrir sig. Það getur verið Björk, það getur verið Janis Jackson, hver sem er. Já og ég held að Prince hafi verið það síðasta sem ég var svona heillaður af sko svona sem alger en núna finnst mér bara það sem er gott á hverri stundu, mér finnst það æðislegt. Og fylgjast með mússík er bara fulltime job. En þarna flokkaðist þetta og ég man það einmitt fyrst þegar vinur minn fra Englandi var að senda mér myndir af David Bowie í einhverjum vatteruðum, skræpóttum galla og ég hugsaði bara: Þó hann sé hommi sko. En svo þegar ég var búinn að búa í Englandi í svolítinn tíma þá var ég alltaf farinn að syngja með alveg: Hver er þetta? Hver er þetta? Og það var alltaf Bowie. Og ef það var ekki Bowie þá var það Brian Ferry. Þannig að þeir heilluðu mig algerlega. En svo er einmitt Brian Eno, þessi í felum, sem er alveg, stjórnar þessu öllu þarna á bak við. Hann kemur náttúrulega æðislega sterkt út og ég er mjög ánægður með hann. Mér finnst þeir líka æðislegir. Kraftur í þeim. Það var svona fyrstu hljómleikarnir sem ég sá ekki tvo stráka og tíu stelpur heldur fjóra stráka og eina stelpu. Þannig að það var tilbreyting að fara á stráka hljómleika en ekki alltaf þessar litlu stelpur. Þannig að mér fannst gaman og mikil eftirvænting.

En ég held að í dag, hefði mér tekist að fela það þá hvort mér hefði fundist kominn tími til þess. Hvort ég hefði ekki bara þagað áfram. En ég held að það sé ekki gott fyrir fólk að lifa við blekkingu. Í blekkingu. Þess vegna fannst mér gott að taka þessa ákvörðun og eiga þá auðveldara með að breyta. Og ég er alveg sannfærður um það að við komumst ekkert hjá því að breytast.

Sko einmitt. Má alveg tala um það því það er alveg rosalegt. Sko alveg rosalegt. Mér skilst að í Reykjavík að þeir barir sem opna fyrir hommum og lessum gangi nú bara best. Þannig að það segir sér sjálft. Því að alla vega eru nokkrir staðir sem alveg slást um þetta því þetta eru svo góðir kúnnar.

Jú, jú. Þetta er afleiðing. Ég held, þó það sé leiðinlegt að segja það fyrir suma, að manneskja sem þarf að drekka hún sé í rauninni að segja okkur hinum að sjálfsmatið sé ekki í lagi. Og ég er ekki að segja að einhver geti ekki drukkið og notið þess en það raskar líka jafnvæginu. Fyrir utan það að kynlíf, eyðir kyngetunni.

Mér hefur fundist það svolítið skrítið að árlega þá er Hörður Torfa spurður að því hvort hann: Þú varst fyrstur, þú varst fyrstur! Og ég, af því hann var fyrstur að koma fram í blaði, sama ár og ég kom fram í sjónvarpi. Þannig að mér finnst það alltaf eins og það hafi verið ósýnilegt svona

marabonhlaup en þá er það líka fyrstur hvað? Að þá er þá líka, þetta er orðið árlegt að hann heldur hljómleika. Já þú varst nú fyrstur til þess að opinbera að þú sért hommi. Og ég held að það þurfi ekkert að tala um það. En eins og ég segi, það hafur verið hlaup sko. En þá segi ég nú: Ég var fyrstur í sjónvarp. Það varður hver að hafa sitt. En mér finnst það sko líka eins og það angrar mig ekki en mér finnst svolítið ganga út á þetta og þá því það er alltaf verið að staglast á því sama og mér finnst að einhver ætti að spurja: Hver var númer tvö? En það skiptir náttúrulega engu máli.

En ég held að sko ég er búinn að skynja þetta að árið '76 þegar þetta kemur fram þá var bara sko umheimurinn tilbúinn til að meðtaka þetta en ekki hver var fyrstur. Því að það hjálpaðist allt að. Líka það að hvorki fyrir mig eða hann þýtt að koma fram ef sko það hefði ekki verið umræða erlendis og líka menn gert sig sýnilega og það til margra ára. En það var svo lítill hópur.

Já sko, ég held að það hafi ekkert verið auðvelt fyrir hvern og einn að láta sjá sig með honum út af því að sko hann var svo áberandi og fólk vildi ekki blanda sér við það.

Það var þannig áður en Samtökin komu, þá voru svona forstjórar í bænum að vilja mynda samtök því þau höfðu verið að myndast í Þýskalandi og einhverjir ríkir menn sem að leyfðu svona partí í kastalanum sínum eða húsunum sínum. Og þá var einmitt einn forstjórinn sem var búinn að bjóða skrifstofuna og allt undir og það átti ég man ekki, félagið hét alla vega ekki Leynimelur 13 en það var eitthvert huldufélag, ég man ekki hvað það hét. En þá voru þau sko að reyna að fá hommana til þess að koma og svo var áfengi og svona fínerí og gert allt voða flott. Og svo man ég einmitt í fyrsta partíinu að þá fannst mér þetta einmitt eitthvað sem þyrfti að koma en svo þegar voru slökkt ljósin og leið að var búið að slökkva ljósin, þá fóru einhverjir menn að leita á mann og svo fannst mér það svo óþægilegt að ég beygði mig niður og skreið undir borð og lét þá bara um, út af það skipti víst engu máli hver var fyrir barðinu þegar myrkrið var. Og það er líka sem mér fannst síðar meir eins og þegar sko í sambandi við gay saunaböðin, þessi myrkraherbergi sem að ég skildi ekki í raun og veru hvemig maður getur farið í myrkur og allt í einu bara látið sig hafa það næsta. Þannig að sko maður var í rauninni ekki að upplifa neinar tilfærningar. En ég held að þessi partí hafi dottið um sjálf sig því að þá var það alltaf að sko um, miðast svo mikið við að fá nýtt blóð. Þetta er eins og blóðbanki. Nýtt blóð. Ég fór ekki meira inn á það. En svo seinna meir þá var einmitt Reynir með æðislega skemmtilega, og hélt vel um þau. Það var svona meira fjör. Meira dansað. Ekkert

endilega því þá fór folk bara inn í herbergi eða eitthvað svona. En ekki, það var ekki það sama. Og það er líka þetta að sem ég held að sé líka æðislega erfitt fyrir unga menn að sko það er alltaf talað um eldri homma sko það er aldrei talað um, þeir eru aldrei jafningjar sko 18 ára strákur, þarftu að vera að benda honum á fimmtuga karla? Í staðinn fyrir að það væri líklegra að vinur hans eða kunningi væri það sem hann hefði áhuga á en ekki einhverjir gamlir kallar.

Sko fyrsti staðurinn sem varð opinberlega opinberaður sem gaystaður á Íslandi það var Hábar. Og það var efri barinn þar og hann var skemmtilegur og það var dálítið gaman að því að geta farið þar og einmitt þó að sko það væri svolítið í og með vafasamt en það var allt í lagi. Svo var náttúrulega Hotel Borg að hluta til og svo einmitt eins og í Klúbbnum en þá held ég að 22 séu svona alvöru fyrsti staðurinn sem kemur. En Hábar var á þeim tíma ágætur. Og einmitt svona eini staðurinn.

Það held ég að sé í raun og veru fólkið. Og þó ég segi sko Ingibjörg Sólrún. En þá held ég að við hefðum aldrei fengið stuðning ef fólkið hefði ekki viljað standa með okkur því að ég held að við ákveðum þetta ekki.

En ég held að þessi mannréttindi sé að þegar fólk sér svona minnihlutahópa eins og homma og lessur þá finni það líka í sambandi við réttindi að það er kannski ekki eins öruggt og það heldur. Og ég held það sé einmitt barátta hins almenna borgara eða fólksins sem að hjálpar og líka breytt viðhorf. Rosalega breytt viðhorf.

Já sko það fannst mér fara í áðan út af því að sko það er eins og þegar þær koma út þá eru þær sko aggressívari og kannski líka að móðureðlið hafi komi fram að verja okkur og sýna okkur umhyggju en ekki bara hagsmunir um hvað manni takist að sofa hjá mörgum. Annars heyrir mér að þær séu ekkert betri. Það sé fljótt að fara yfir þá helreið. Það sé eitt ár til tvö þá sé allur kvótinn búinn.

Nei, ég veit það ekki.

Ja sko, það er það eina sem ég hef áhyggjur af, það er ekki sko hommar eða lessur heldur ungir menn í dag held ég eigi mjög erfitt. Því að ég talaði um það í minni myndlist að karlmenn væru að verða kynferðisverur. Fyrir mörgum árum. Og þá var alltaf sagt við mig að þetta væri óskhyggja

og ég sagði að karlmenn ættu eftir að sýna líkamann sinn mikið meira og þetta ætti eftir að vera, að konur uppi á bílhúddum ætti eftir að vera úrelt en það væru bara karlmenn sem væru hálfnaktr. Og svo hef ég fundið það að fyrir unga stráka sé rosalega erfitt því að í dag er kvenfólk orðið svo ágengt því hér áður fyrr þurftu þeir að hafa svolítið fyrir þessu. Núna er gengið á þá og þeir eru að lokast á sama tíma og þeir lokast þá eru þeir að loka fyrir tilfinningar sem ég held að sé mjög slæmt fyrir þá og líka á sama tíma og þetta alnæmi og allt þetta að þá geta þeir réttlætt þetta sem að ég held að sé mjög hættulegt. Og að mannum sé frekar bara skylt að sinna sinni náttúru heldur en að neita sér um hana. Þá held ég nefnilega einmitt að umræðan sko hjá homnum og lessum eigi einmitt að geta hjálpað hinum að fara að tala um sitt. Og að einmitt á þessum tíma sem ég gerði mér grein fyrir því að karlmaðurinn væri að verða kynferðisvera það var þegar það kom útlendingur hérna og dansaði á typpinu á listahátíð. Og það var ekki talað um annað. Og svo þegar var búið að tala um þetta í heila viku, já hann var á typpinu já hann var á typpinu, þá datt mér einmitt í hug er folk ekki farið að skynja að það er þörf til þess að tala um karlmannslíkamann. Og grey maðurinn að verða fyrir þessu. Þannig að við verðum líka að spekúlera í þessu að hver er rótin að þessu. Út af hverju þetta er svona. Og líka held ég að eins og þegar var verið að segja á tímabili að aukningin á homnum hafi verið svo mikil af því þetta var í tísku, ég held að það hafi ekki verið heldur hefur verið smá flækja í gangi í sambandi við kynlíf þannig að ungir krakkar höfðu kannski ekki eins mikla fordóma gagnvart því. Þetta er eins og í arabalöndunum. Það er allt í lagi þó að þú sofir hjá öðrum karlmanni og það er ekkert mál en við erum kannski of upptekin af að reyna að stimpla þetta eða brennimerkja einhvern sem að leyfir sér þetta. Ég hef miklar áhyggjur af ungum mönnum í dag og sérstaklega straight. Konur þær eru orðnar svo grimmar og ágengnar á þá þannig að þeir eru svolítið viðkvæmir. En það er kannski, þeir þurfa að styrkjast. Þannig að ég held að þetta sé allt eins og það á að vera þannig að ég kvíði ekkert morgundeginum.